



Borgarráð

Reykjavík, 28. október 2025

MSS25100069

Styrktarsamningur við KR

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan samning Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélags Reykjavíkur um fjárstyrk vegna endurbyggingar keppnisvallar í Frostaskjóli.

Heiða Björg Hilmiðsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Samkomulag á milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélags Reykjavíkur um fjárstyrk vegna endurbyggingar keppnisvallar í Frostaskjóli.




Reykjavík

**Samkomulag á milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélags Reykjavíkur
um fjárstyrk vegna endurbyggingar keppnisvallar í Frostaskjólí**

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík (hér eftir Reykjavíkurborg) og Knattspyrnufélag Reykjavíkur (hér eftir KR), kt. 700169-3919, Frostaskjólí 2, 107 Reykjavík, gera með sér eftirfarandi samkomulag um veitingu fjárstyrks vegna endurbyggingar á keppnisvelli í Frostaskjólí, sem lagður verði gervigrasi:


1. KR endurbyggir og fjármagnar keppnisvöll í Frostaskjólí samkvæmt fyrirbyggjandi deiliskipulagi og verk-, tíma- og kostnaðaráætlun (fskj. nr. 1). Hönnun vallarins tekur mið af núverandi skipulagi sem KR og Reykjavíkurborg þekkja og hefur verið kynnt Reykjavíkurborg með sannanlegum hætti. Endanleg verklok eru fyrirhuguð árið 2026.
2. Reykjavíkurborg veitir KR styrk að heildarfjárhæð kr. 518.100.000,- vegna endurbyggingar á keppnisvelli í Frostaskjólí. Þar af hefur Reykjavíkurborg þegar greitt á árinu 2025 styrk að fjárhæð kr. 192.711.630,-. Eftirstöðvar styrkfjárhæðarinnar kr. 325.388.370,- verða greiddar með árlegum jöfnum eingreiðslum á árunum 2026, 2027 og 2028 með fyrirvara um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.
3. Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun endurbyggingar gervigrasvallarins er að finna á fylgiskjali nr. 1 með samkomulagi þessu. KR skal upplýsa Reykjavíkurborg með reglulegum hætti um framgang verksins og um mögulegar breytingar sem á því kunna að verða frá þeirri áætlun sem fram kemur á fylgiskjal inr. 1. Verði hætt við framkvæmdina af einhverjum ástæðum eða framvinda þess tefst ber KR að láta Reykjavíkurborg þegar vita og munu þá styrkgreiðslur stöðvast eða tefjast með samsvarandi hætti.

Reykjavík, 27. október 2025


F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs


F.h. Knattspyrnufélags Reykjavíkur

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:


Nafn og kennitala
231264-4349


Nafn og kennitala
091184-3849

Fylgiskjöl:

1. Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun



KR VÖLLUR – ENDURNÝJUN AÐALVALLAR

MINNISBLAÐ

VERKNÚMER: 17074
VERKHLUTI: 006
HÖFUNDUR: ESÓ
RÝNIR: PEE
DREIFING: Verkkaupi

DAGS.: 2025-06-05
NR.: 470514
ÚTGÁFA 1

Efni: KR völlum - kostnaðarmat

Verkkaupi hefur óskað eftir samantekt á kostnaði við verkið, byggt á fyrirbyggjandi kostnaði og óloknum verkþáttum.

Fyrirbyggjandi kostnaður byggir á framvindureikningum vegna jarðvinnu og tilboðum í gervigras og tilboði frá pípara vegna snjóbræðslu og vökvunarkerfis.

Óloknið verkþættir snúa m.a. að:

- Búnaður í tæknirými fyrir snjóbræðslukerfi
- Búnaður í tæknirými fyrir vökvunarkerfi
- Frágangur yfirborðs undir gervigras
 - Filtlag undir snjóbræðslulöngur og söndun undir gervigras
 - Malbikun umhverfis gervigras
 - Hellulögn við KR heimili í kringum snjóbræðslukistur

Áfallinn kostnaður, framvinda jarðvinnuverktaka og framvinda pípulagnaverktaka er um 210 m. kr. auk kostnaðar við jarðvinnu vegna undirstaða fyrir lýsingu 15 m.kr.

Fyrirbyggjandi eru samningar;

- Tilboðsskrá við pípara og eru eftirstöðvar um 45 m.kr.
- Gervigras og lausan búnað (mörk, hornfána o.p.h.) fyrir 167 m.kr.

Nokkrir verkþættir hafa ekki verið með í tilboðsskrá eða eru enn ófrágengnir. Þeir eru nefndir ólokið í samantekt hér að neðan.

Heildarkostnaður við byggingu vallarins er um 518 m.kr. m vsk. Óvissa er metin tæpar 22 m.kr. m vsk.



Verkpættir	Áætlun	Óvissa		Ólokið	Óvissa	
	[kr m. vsk]	[%]	[kr m. vsk]	[kr m. vsk]	[%]	[kr m. vsk]
1 Jarðvinna						
Gröftur og fylling						
Drenlagnir						
Jarðvinna - pípulagnir				2,000,000	25%	500,000
Jarðvinna - raflagnir						
Jarðvinna - lóðarfrágangur				9,000,000	15%	1,350,000
Jarðvinna - gervigras				36,500,000	10%	3,650,000
Jarðvinna samtals *	185,000,000	0%	0			
2 Hitakerfi undir velli						
Stofnar, kistur og slöngur *	50,000,000	5%	2,500,000			
Búnaður í tæknirými				8,000,000	20%	1,600,000
3 Sjálfvirk vökvunarkerfi						
Lagnir í búnaður í jörðu *	20,000,000.0	10%	2,000,000			
Búnaður í tæknirými				2,000,000	25%	500,000
4 Lýsing						
Jarðvinna fyrir undirstöður mastra	15,000,000	0%	0			
Brunnar og ídráttarrör				2,000,000	20%	400,000
5 Gervigras **	162,000,000	5%	8,100,000			
6 Lausabúnaður **	5,000,000	20%	1,000,000			
Óvissa			13,600,000			8,000,000
Summa	437,000,000			59,500,000		

SAMTALS

518,100,000

* Tilboð og framvindureikningar

** Upplýsingar um kostnað frá verkkaupa